

Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 23. árg.

September 2008



Kirkjan er fyrst og fremst samfélag fólks. Um leið og okkur þykir vænt um bygginguna sem við köllum kirkju og höfum tekið sérstaklega frá fyrir hina helgu þjónustu þar sem Guð mætir okkur þá megum við ekki gleyma þessari staðreynd. Því hvar væri kirkjan án fólksins?

Tæplega sjö þúsund manns, hluti kirkjunnar hér í hverfinu, tóku þátt í ferð Æskulýðskórs Glerárkirkju til Þýskalands í byrjun sumars með kórstjóranum, Ástu Magnúsdóttur. Þrátt fyrir breytt aldursbil og það að einstaklingarnir úr hópnum þekktust misvel þá gekk ferðin vel, sól skein í hjörtum þátttakenda og vináttan óx, enda allir staðráðnir í að láta allt ganga vel. Í sameiningu tókust krakkarnir í kórnum á við ný og stærri verkefni og sýndu að þau eru hlutverki sínu vaxin. Á bak við þau var hópur foreldra sem hvatti krakkana áfram og hrósaði þeim fyrir frammistöðuna. Kirkja sem á slíkan vinahóp er rík kirkja.

Við erum rúmlega 6000 manns sem tilheyrum kirkjunni hér í hverfinu. Okkur stendur öllum til boða að taka þátt í starfi kirkjunnar og er fjölbreytt dagskrá í kirkjunni og annars staðar í samstarfi við önnur félög í bænum til þess fallin að einstaklingar sem þekkjast misvel komi saman, deili sorg og gleði og leyfi vináttunni að vaxa. Í sameiningu getum við í Lögmannshlíðarsókn tekist á við ný og stærri verkefni og vaxið inn í það hlutverk að vera kirkja, enda hljótum við að vera staðráðin í því að byggja upp kirkjuna okkar og

skapa umgjörð og samfélag fyrir okkur á öllum stundum á lífsleiðinni. Á bak við okkur er kærleiksríkur Guð sem styður okkur og blessar. Og við megum minnst þess að þegar hann hafði lokið við að skapa manneskjuna í sinni mynd, þá leit hann á sköpunarverkið og fannst það harla gott. Og við megum vera hluti af þessu sköpunarverki því að það er Guð sem er að verki í okkur.

Jesús Kristur lét ekki staðar numið þegar hann hafði fundið þrjá unga menn til þess að fylgja sér. Hann lét heldur ekki staðar numið þegar það hafði safnast álitlegur hópur í kringum hann, sem hlustaði á boðskap hans. Við erum kölluð til að fylgja honum fram veginn. Sú köllun getur verið stór áskorun, því hvað er þægilegra heldur en að sitja kyrr og gera ekki neitt? Ekki eru mistök fölgin í því? Eða hvað? Í þessu samhengi er vert að nefna að hér í Glerárkirkju í haust ætlum við meðal annars að fá aðila frá öðrum kirkjudeildum, trúfélögum og félagasamtökum til þess að skoða framgang kristinnar kirkju á nýrri öld. Þetta samstarf setjum við fram á formi námskeiðs sem við köllum **Trú, kristni, kirkja** og vonumst til þess að þú sjáir þér fært að mæta. Kannski finnur þú eitthvað annað sem hentar þér betur í kirkjustarfinu og þá gleðjumst við yfir því líka. Okkur hér í Glerárkirkju þykir vænt um það þegar fólk leggur leið sína hingað í kirkjuna, hvert sem tilefnið er og við hlökkum til að hitta þig hér í vetur.

Með blessunaróskum,

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Æskulýðskór Gleráirkirkju

Æskulýðskór Gleráirkirkju æfir á mánudögum kl. 16:30 - 18:00. Meðlimir voru í fyrra 35 talsins á aldrinum 10 - 18 ára. Kórinn kemur fram í fjölskylduguðþjónustu einu sinni í mánuði ásamt því að syngja við ýmis önnur tækifæri. Kórinn hefur flutt söngleik við kirkjuna og einnig á Kirkjudögum í Hallgrímskirkju, Reykjavík. Síðastliðið vor fór kórinn til Þýskalands, heimsótti þar þýskan barna- og unglingakirkjukór og kom fram á tónleikum í Münsingen og Legolandi.

Við í Gleráirkirkju erum mjög þakklát fyrir alla þá foreldra sem leyfa börnum sínum að taka þátt í kórastarfi kirkjunnar. Það eflir börnin og styrkir að kynnast öðrum og að koma fram reglulega. Einnig er mjög öflugt foreldrasamstarf innan Æskulýðskórsins sem eflir allt kórastarfið til muna og var stofnað formlegt foreldrafélag á dögnum. Formaður foreldrafélagsins er Eggert Þór Ingólfsson. Kórstjóri er Ásta Magnúsdóttir og undirleikari kórsins er Valmar Völjaots.

Barnakór Gleráirkirkju

Barnakór Gleráirkirkju æfir á mánudögum frá kl. 15:00 - 16:00. Í fyrra voru tæplega 40 börn skráð í kórinn og læra þau ýmsa barnasálma ásamt því að æfa upp prógramm sem þau flytja á tónleikum. Barnakórinn mun syngja við fjölskylduguðþjónustu mánaðarlega í vetur og flytja helgileik 26. desember. Meðlimir Barnakórsins eru á aldrinum 6 - 10 ára (1. - 5. bekkur). Aðstoðarmaður á æfingum er Þröstur Heiðar. Það er frítt fyrir alla í kórinn! Kórstjóri er Ásta Magnúsdóttir.

Drengjakór Gleráirkirkju

Þessa dagana er unnið að stofnun Drengjakórs Gleráirkirkju. Kórinn mun æfa á þriðjudögum kl. 16:00 í kirkjunni undir stjórn Valmars Völjaots og gefur hann nánari upplýsingar um það hvernig valið verður í kórinn.

Trú, kristni, kirkja

Árið 2001 undirrituðu fulltrúar kirkna í Evrópu skjal sem ber titilinn Charta oecumenica og hefur nú einnig verið gefið út á íslensku. Hér er um að ræða tímamótaskjal, því að því komu fulltrúar helstu kirkna Evrópu, rómversk kaþólskir, lútherskir, anglikanar og orþódoxir og reformertir. Því er ætlað að móta samræðu og samstarfsmenningu á öllum sviðum kirkjulífs og að gefa sameiginleg viðmið slíku starfi. Það er því ekki litid á Charta oecumenica sem endanlegt skjal, heldur er því ætlað að vera verkfæri kirknanna til aukins skilnings og samstarfs. Fyrsta kvöldið í þessari fræðslukvöldaröð skoðum við þetta skjal sérstaklega og hlustum á frásagnir tveggja Íslendinga sem sóttu þriðja samkirkjulega Evrópuþingið í Sibiu árið 2007. Nálágast má skjalið á slóðinni: http://www.kirkjan.is/biskupsstofa/skjal/Ritrod_1_Charta_Higb.pdf

Fræðslukvöld í Gleráirkirkju á miðvikudagskvöldum í október og nóvember snúa að þessu sinni að samkirkjumálum og þeim áherslum sem settar eru fram í Charta Oecumenica þar sem að samkirkjuleg mál og nokkrar hliðar samstarfs kristinna er skoðað sérstaklega að þessu sinni. Fræðslukvöldin eru á vegum Gleráirkirkju og Eyjafjarðarprófastsdæmis. Umsjón með fræðslukvöldunum hafa sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni í Gleráirkirkju. Nánari upplýsingar á www.kirkjan.is/eyjafjardarprofastsdaemi

Sunnudagaskóli – fjársjóðsleit fyrir alla fjölskylduna

Í vetur verður boðið upp á þá nýbreytni að nú er barnastarfið á sunnudögum alla sunnudaga kl. 11:00 þar sem fjölskylduguðþjónusturnar eru komnar á nýja tíma. Hér gefst foreldrum með börn á öllum aldri sem og stórum og litlum systkinum tækifæri til þess að eiga saman helga og notalega stund í kirkju og safnaðarheimili. Stundirnar hefjast í kirkjunni áður en farið er í safnaðarsal (efri eða neðri hæð eftir atvikum). Þá geta foreldrar með yngstu börnin nýtt sér leikhornid á meðan beðið er. Í hópi starfsfólks verða m.a. Valmar, Pétur, Tinna, Sessa og Sammi. Þá munu sjálfbodaliðar úr Æskulýðskór Gleráirkirkju aðstoða við sönginn.

Kirkjuskóli – fyrir litla vini

Kirkjuskólinn er undir stjórn Valdísar og Margrétar. Hér er um notalegan klukkutíma einu sinni í viku að ræða þar sem að börnin fara í leiki, fönndra, hlusta á sögur, eiga stund í kapellunni og njóta þess að vera saman. Litli kirkjuskólinn (1. og 2. bekkur) hefst 23. september og verður á þriðjudögum kl. 16:00. Stóri kirkjuskólinn (3. og 4. bekkur) hefst 25. september og verður á fimmtudögum kl. 16:30. Nánari upplýsingar gefur Valdís (693 4399).

TTT – Leikur og lífsgleði

Leikur og lífsgleði er nýtt námskeið í TTT (tíu til tólf ára) starfi kirkjunnar. Við æfum okkur í því að brosa, hlæja og elska lífið. Námskeiðið er í tíu skipti auk þess sem farið er og gist eina nótt á Stóru Tjörnum. Nánari upplýsingar er að finna í bæklingi sem liggur frammi í kirkjunni. Allir velkomnir úr fimmta, sjötta og sjöunda bekk. (Ath. miðvikudaga kl. 17:17.)

Glerbrot

Opið hús fyrir unglina úr áttunda bekk og eldri, annað hvert mánudagskvöld frá 18:00 til 20:00 í umsjón Susi og Kathi. Fylgist með á www.glerbrot.bloggar.is Meðal annars stefnir hópurinn á ferð á landsmót æskulýðsfélaga sem haldið verður á Ólafsvík dagana 17. - 19. október næstkomandi en það mót er hugsað fyrir krakka úr níunda bekk og eldri. Þar mun Glerbrot meðal annars sjá um PRESSUNA, sem er fréttastofa landsmótsins. Nánari upplýsingar gefur Pétur Björgvin (864 8451).

Fjölvitamin

Fjölvitamin er verkefni á vegum KFUM og KFUK í samstarfi við Æskulýðsstarf Gleráirkirkju. Fjölvitamin er félagsstarf fyrir nýbúa og ungt fólk sem er fætt á Íslandi og er opið öllum sem hafa áhuga og eru 14 til 17 ára. Viltu vera með? Endilega sendu okkur SMS eða hringdu: Jóhann (699 4115) eða Pétur (864 8451)

KNS

Á bak við KNS stendur flottur hópur framhaldsskólanema. Hópurinn hittist klukkan hálf níu á mánudagskvöldum í Kirkjubæ við Ráðhústorg. Þar er pælt í lífinu, tilverunni, Biblíunni, farið í leiki, talað saman, borðað og skipst á trúarpælingum og boðið upp á bænastund. Hugmyndin er að nokkru sótt til Kristilegu skólahreyfingarinnar (KSS og KSF) og þaðan er nafnið komið: Kristilegt Næstum því Stúdentafélag. Stuðningsaðilar við KNS eru Æskulýðsstarf Akureyrarkirkju, Æskulýðsstarf Gleráirkirkju, Hjálpræðisherinn og KFUM og KFUK. Ertu með spurningar, viltu vera með? Endilega sendu okkur SMS eða hringdu: Jóhann (699 4115), Pétur (864 8451) og Siggí (896 6891).



Helgihald

Messað er í Glerárkirkju alla sunnudaga kl. 11:00 yfir vetrarmánuðina. Auk þess eru fjölskylduguðsþjónustur annan hvern sunnudag kl. 13:00 og kvöldguðsþjónustur einnig annan hvern sunnudag kl. 20:30. Í helgihaldinu komum við saman í húsi Drottins í gleði og sorg, lofum Guð sem gaf okkur lífið, áköllum hann öllum stundum, göngum með honum lífsins veg og felum honum okkar hjartans mál í bæn og lofgjörð. Í kirkjunni heyrum við Orð Drottins og tökum á móti hans stærstu gjöf þegar

við göngum til altaris. Rík áhersla er lögð á góða og fjölbreytta tónlist. Á bakhlið blaðsins er að finna yfirlit yfir helgihaldið framundan.

Allir hjartanlega velkomnir.

12 spora fundir – Mannrækt öllum opin

12 spora fundir í Glerárkirkju verða á mánudögum kl. 19:30 í vetur. Fyrsti fundur verður mánudagskvöldið 22. september. Fyrstu þrjú mánudagskvöldin eru svokölluð opin kvöld þar sem öllum gefst kostur á að kynna sér starfið. Frá og með fjórða kvöldi geta engir nýjir bæst í hópinn.

Nánar má fræðast um Tólf spora starfið á vefsíðunni *Vinir í bata* eða með því að hringja í umsjónarfólk starfsins í Glerárkirkju, þær Heiðrúnu (862-4703), Önnu (699-7627) eða Hólfríði (892 1005) á milli kl. 18:00 og 20.00.

Tólf spora vinna hentar öllum þeim sem í einlægni vilja dýpka sínar tilfinningar og öðlast betri líðan og meiri lífsfyllingu. www.viniribata.is
- www.glerarkirkja.is

Foreldramorgnar

Ert þú heima fyrir hádegi með ungt barn? Þá er tilvalið að koma á foreldramorgun í kirkjuna, kynnast öðrum foreldrum og hjálpa barninu að taka sín fyrstu skref í leik við jafnaldra sína. *Foreldramorgnar eru á fimmtudögum kl. 10:00 - 12:00 í safnaðarsal kirkjunnar.*

Kór Glerárkirkju

Kórinn er blandaður kór sem var stofnaður 12. febrúar 1944 og hét þá Kirkjukór Lögmanshlíðarsóknar. Hópurinn fagnaði því 60 ára afmæli árið 2004 og réðst af því tilefni í að taka upp söng sinn og gefa út á hljómdisknum *Sjáumst aftur*.

Kórinn hefur það að aðalmarkmiði að syngja við atbafnir í Glerárkirkju á Akureyri og balda tónleika með reglubundnum hætti auk þess sem hann kemur fram við ýmis tækifæri. Leiðir hans hafa legið víða, bæði innanlands og utan. Má þar nefna ferðir til Þýskalands (1992) en það var fyrsta utanlandsferð kórsins, til Portúgals (1997), Ungverjalands og Slóveníu (2002) og til Barcelona á Spáni ásamt siglingu á Miðjarðarhafinu (2007). Af ferðum innanlands má nefna ferð til Vestfjarða (1994), Garðabæjar (1999), Bessastaða (2001), Austurlands (2003) og Reykjavíkur (2004) auk styttri ferða.

Fyrsti stjórnandi kórsins var *Jakob Tryggvason* sem stjórnaði honum til haustsins 1945. Þá tók *Áskell Jónsson*

frá Mýri í Bárðardal við söngstjórninni og gegndi hann því starfi allar götur fram til haustsins 1987 er *Jóhann Baldvinsson* var ráðinn organisti við Glerárkirkju. Árið 1997 tók svo *Hjörtur Steinbergsson* núverandi söngstjóri og organisti við stjórninni.

Meðal stærri verkefna sem kórinn hefur tekist á við eru *Messa í G - dúr* (1981) og *Þýsk messa* (1983) e. Franz Schubert undir stjórn Áskels Jónssonar; *Requiem* e. Wolfgang Amadeus Mozart (1996) með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar; *Messe Solennelle de St. Cecile* e. Charles Gounod (1999) og *Messa di Gloria* e. Giacomo Puccini (2001) í samvinnu við fleiri kóra á Eyjafjarðarsvæðinu og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar og að síðustu má nefna *Requiem op. 48* e. Gabriel Fauré (2002) og *Misa Criolla* e. Ariel Ramirez (2003) undir stjórn Hjartar Steinbergssonar. Þessi tvö síðasttöldu verk flutti svo kórinn aftur á fernum tónleikum á


Akureyri og í Reykjavík árið 2004 í til efni af 60 ára afmæli sínu.

Kórinn æfir að jafnaði einu sinni í viku á *Þriðjudagskvöldum* kl. 20-22. Fastar æfingar hefjast í september og standa út maí. Einnig eru teknir æfingadagar, einn til tveir á hvoru misseri, og aukæfingar á fimmtudagskvöldum þegar þurfa þykir, t. d. þegar tónleikar standa fyrir dyrum.

Á döfnni í vetur eru *æfingabúðir* á Löngumýri í Skagafirði síðustu helgina í október, árlegir *jólatónleikar* 21. desember í Glerárkirkju, *tónleikar á skírdag*, 9. apríl 2009, þar sem flutt verður *Gloria* eftir Antonio Vivaldi með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, svo og árlegir *vortónleikar* kórsins í maí næsta vor.

Ef þú hefur *ábuga á að slást í hópinn* skaltu hafa samband við stjórnandann, Hjört Steinbergsson, í síma 862 2316 eða senda honum tölvupóst á hjortur@glerarkirkja.is og fá nánari upplýsingar.

Helgihald í Gleráarkirkju



Miðvikudagurinn 24. september:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 28. september:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Kvöldguðspjónusta kl. 20:30

Miðvikudagurinn 1. október:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 5. október:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Fjölskylduguðspjónusta kl. 13:00

Miðvikudagurinn 8. október:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 12. október:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Kvöldguðspjónusta kl. 20:30

Miðvikudagurinn 15. október:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 19. október:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Fjölskylduguðspjónusta kl. 13:00

Miðvikudagurinn 22. október:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 26. október:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Kvöldguðspjónusta kl. 20:30

Miðvikudagurinn 29. október:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 2. nóvember:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Fjölskylduguðspjónusta kl. 13:00

Miðvikudagurinn 5. nóvember

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 9. nóvember:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Kvöldguðspjónusta kl. 20:30

Miðvikudagurinn 12. nóvember:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 16. nóvember:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Fjölskylduguðspjónusta kl. 13:00

Miðvikudagurinn 19. nóvember:

Hádegissamvera kl. 12:00

Sunnudagurinn 23. nóvember:

Messa kl. 11:00. Barnastarf á sama tíma.

Kvöldguðspjónusta kl. 20:30

Miðvikudagurinn 26. nóvember:

Hádegissamvera kl. 12:00

Gleráarkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8808, heima 462 7676 og farsími 864 8455.

Netfang: gunnlaugur@glararkirkja.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-14:00 og eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8802, heima 462 6605 og farsími 864 8456.

Netfang: arnaldur@glararkirkja.is

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8807 og farsími 864 8451.

Netfang: petur@glararkirkja.is

Starfsmenn við Gleráarkirkju

Umsjónarmaður:

Sverrir Pálmason. Við í kirkjunni daglega kl. 11:00 til 16:00.

Sími á skrifstofu 464 8800 og farsími 864 8453.

Netfang: sverrir@glararkirkja.is

Organisti:

Hjörtur Steinbergsson. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Sími á skrifstofu 464 8804 og farsími 862 2316.

Tónlistarmaður:

Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Sími á skrifstofu 464 8800 og farsími 849 2949.

Ráðskona:

Sigurros Anna Gísladóttir. Farsími: 848 6440.

Kirkjuverðir:

Sigríður Albertsdóttir. Farsími 847 9025.

Jón Oddgeir Guðmundsson. Farsími 894 4301.

Ath.: Samvera eldri borgara annan hvern fimmtudag kl. 15:00. Fyrsta samvera vetrarins verður 9. október nk.

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 • Fax: 464 8809 • www.glararkirkja.is



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prófkalestur: Sigríður Halldórsdóttir • Prentun: Ásprent